

## **Símafundur stjórnar samtakanna Landsbyggðin lífi haldinn 13. júní 2024 kl. 20:30 í gegnum Fésbók**

Mættir: Hildur Þórðardóttir, Sigríður Svavarsdóttir, Stefanía Gísladóttir, Guðrún Gísladóttir, Vigfús Ingvar Ingvarsson, Björgvin Hjörleifsson og Helga Guðný Kristjánsdóttir – Ómar Ragnarsson kom fljótlega inn.

### FUNDAREFNI

Ferðir til Finnland, Lettlands og Svíþjóðar: Hildur segir Finnlandsferðina hafa verið frábæra. Áhugavert hvað verið var að gera þar og því fagnað að vera á landsbyggðinni. Hvað þarf til að fólk geti flutt út á land? Atvinna kjarnaatriði. Helga nefnir nettengingu, leikskóla og húsnæði. Sigríður bent á að verið er að byggja blokkir í borgum sem standa auðar því þær eru svo dýrar. Hildur: Sveitarfélögin eiga að svara spurningunum. Hún er að byrja á vinnuþlaggi í því sambandi sem hún sendir okkur. Stefanía segir þetta snúast um samtal sveitarstjórna og íbúa á viðkomandi stöðum – hvað með að læra af Brothættum byggðum. Þarf að finna staði fyrir verkefnið. Hún minnir á skjal sem hún var að senda okkur um Nordplús.

Guðrún talar um Lettlandsferð. Hún tengdist samstarfi okkar við Pieriga partnership og Vidusdaugavas NVO í Lettland – tengt Active Citezen Fund. Samstarfsaðilum var boðið þangað á kynningar og uppskeruhátíð verkefnisins. Markmiðið einkum að styrkja tengslanet fyrir mögulegt framtíðarsamstarf. Afar skemmtilegt en einnig fróðlegt. Lettland hefur haft mikinn ávinning af verkefnunum. T.d. verið að setja þar upp barnahús að íslenskri fyrirmynd.

Stefanía um Sænska dreifbýlisþingið sem hún sendi okkur línu um fyrr í dag. Þær heimsóttu mörg fyrirtæki. M.a. þar sem leiga á sölubás var hlutfall af sölu. Áhersla á samtal og samvinnu hjá Svíum. Spjallfundur var um HNSL. Þúsundir bæja/sveitarfélaga í Finnlandi með heimahagadag. Áhersla á að nýta kosningarétt – samtal við unga fólk.

Samstarfsbeiðni frá Búlgaríu og Lettlandi: Sjá skjal frá Hildi. Hildur segir þetta einn viðburð, 10 daga námskeið á Íslandi. Snýst um valdeflingu fyrir konur sem vinna með ungu fólk. Kennarar og nemar koma erlendis frá. Við þurfum að sjá um akstur og skoðunarferð. Virðist áhugavert – verður á næsta ári, ekki mikil vinna. Ef aðstaða í skólahúsi þá að sumri til en mikið álag á sumrin. Eftir að fá styrk. Samþykkt einróma að taka þátt í þessu.

Hugmyndir um samstarf við Búlgaríu (Renata) og væntanlega Lettland um spilaverkefni tengt 17 markmiðum Sameinuðu þjóðanna: Maija hjá Pieriga partnership sótti um styrk til Nordplus í samstarfi við okkur til að skoða Animation sem aðferð til að kynna heimsmarkmiðin fyrir eldri borgurum. Hún fékk styrk til að koma til Íslands til að vinna að sameiginlegri umsókn en við þurfum að finna 3 aðilann. Stefanía segir að við höfum verið komin af stað með animation (kvikun) í tengslum við sömu markmið. Hildur spyr um til hvers sé ætlast af okkur? Stefanía segir takmarkað vitað um það á þessu stigi. Hún ætlar að spyrja Renötu nánar um þetta og við skoðum málið á næsta fundi. Hugmyndin að þessu verkefni

spratt raunar af samtali Stefaníu við Renötu. Heimsmarkmiðin eru til á netinu á íslensku. Nokkrar umræður urðu um þessi markmið Sameinuðu þjóðanna.

Rætt var um loftsmál. Ómar gagnrýnir stórhuga áform Carbofix í Hafnarfirði sem skili litlu til loftslagsmála. Enginn tekur við gömlum rafhlöðum úr rafbílum. Hver á að bera ábyrgð á þessu. Björgvin bendir á ríkið sbr. úrvinnslugjaldið.

Björgvin kveður fundinn – brátt á leið til Tælands í fimm vikna dvöl. Minnt var á að við höfum oft sleppt júlífundi – ákveðið að gera það nú.

Spurning um að vinna að fréttabréf: Stefanía: Gæti Hildur skrifað og fleiri komið með efni? Það mætti segja frá ferðum og samstarfi. Hildur segist geta byrjað að skrifað þetta í haust í samstarfi – þarf að fara yfir netfangaskrár. Stefanía segist geta hugað að því.

Önnur mál: Stefanía segir frá eins konar uppskeruhátíð og lokakynningu Fiðrildaverkefnis á vefnum 18. júní, kl. 09. Ættum skrá okkur inn og deila þessu víðar – sjá á Landsbyggðin lífi.

Sigríður segir fundargerðir frá febrúar og mars ekki komnar á heimasíðu okkar. Vigfús beðinn um að senda henni og Bjarna Haraldssyni þær. Getur hann ekki sett þær og fleira inn á vefinn? Stefanía vill vita um hvers er að vænta af Bjarna í okkar málum.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Vigfús Ingvar Ingvarsson ritaði

Í framhaldi af fundinum ræddi formaður við nokkra stjórnarmenn um að halda septemberstjórnarfund heima hjá Helgu fyrir vestan.